

Matslistinn

Af hverju lífið – unglingar

Könnun á próffræðilegum eiginleikum

Hrefna Ólafsdóttir, MSc, MSW,
sérfræðingur í fjölskyldumeðferð,
lektor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands

Heiða Ösp Kristjánsdóttir, félagsráðgjafi MA, félagsþjónusta Árborgar



Hrefna Ólafsdóttir



Heiða Ösp
Kristjánsdóttir

Útdráttur

Sjálfsvíg og sjálfsvígshæðun unglunga er eitt af vandamálum 21 aldar. Íslenskt rannsóknarsamfélag þarfnast áreiðanlegs mælitækis fyrir sjálfsvígshættu unglunga til að nota í rannsóknum og klínísku starfi með unglingum. Mikilvægt er fyrir félagsráðgjafa að geta notast við áreiðanlegt matstæki þegar unnið er með unglingum með sjálfsvígshæðun. Markmið þessarar rannsóknar er að kanna próffræðilega eiginleika íslensku útgáfunnar af sjálfsmatslistanum *Reasons for Living Inventory for Adolescents* (IRFL-A) sem á íslensku kallast *Af hverju lífið – unglingar* (AHL-U). Í úrtakinu voru 457 unglingar á aldrinum 13–17 ára úr fimm grunn- og framhaldsskólum á Íslandi. Framkvæmd var leitandi þáttgreining, réttmætisathugun og áreiðanleiki listans metinn. Þáttgreiningin sýndi fimm þætti og eru þeir allir sambærilegir bandarísku rannsókninni (Osman, o.fl., 1998). Rannsóknin sýndi ásættanlega samkvæmni, áreiðanleika og gott réttmæti. Tölfræðilega marktækur munur var á milli kynja í þáttunum SSJ og FS en ekki í hinum þremur og ekki í heildarskori. Því má álykta að íslenska útgáfan AHL-U sýni fullnægjandi próffræðilega eiginleika og sé mjög áþekkt upprunalegu bandarísku rannsókninni. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að íslenska útgáfan af AHL-U sé nothæf fyrir klínísku vinnu og rannsóknir á Íslandi.

Lykilorð: af hverju lífið – unglingar, sjálfsvígshæðun, áreiðanleiki, réttmæti.

Abstract

Suicide and suicidal behaviors represent a serious public health problem among adolescents in the 21st century. Obtaining a reliable instrument in Icelandic is very important for the Icelandic research community as well as for clinical social work with suicidal adolescents in Iceland. The goal of this research was to explore the psychometric properties of the Icelandic version of the *Reasons for Living Inventory*, *RFL-A* the *Icelandic Reasons for Living Inventory – Adolescents*, IRFL-A. The sample was 457 adolescents between the ages of 13–17 recruited from five schools in Iceland. The study examined the internal reliability and discriminant validity of the instrument. Also the study examined construct validity of the instrument using exploratory factor analysis (EFA). Sex and age difference for the instrument was evaluated. The five factors derived from the EFA were the

same as the five factors in the original RFL-A version (Osman, o.fl., 1998). The study shows acceptable consistency, reliability and good validity. Statistically there was not a significant sex difference in total score and the factors ATS, BF og SM, but in the factors SSJ and FS there was a statistically significant sex difference. The psychometric properties of the instrument, IRFL-A, is satisfactory and therefore the conclusion is that the Icelandic version of RFL-A is a reliable instrument for use in research and clinical work with suicidal adolescents in Iceland.

Keywords: reasons for living – adolescents, suicidal tendencies, reliability, validity.

Inngangur

Víða í heiminum lætur ungt fólk lífið fyrir eigin hendi og Ísland er þar engin undantekning. Á árunum 2005–2009 voru 31–37 sjálfsvíg árlega á Íslandi. Árið 2011 voru 27 sjálfsvíg hér á landi og árið 2012 voru þau 35 (Lilja Sigrún Jónsdóttir og Svanhildur Þorsteinsdóttir, 2014). Í samantekt sem Hrefna Ólafsdóttir (2009) gerði kemur fram að á tímabilinu 1994–2006 sviptu að meðaltali sex einstaklingar á aldrinum 15–24 ára sig lífi árlega hér á landi. Í rannsókn sem gerð var á Íslandi árið 2006 meðal unglunga á aldrinum 15–16 ára kom fram að rúm 7% sögðust hafa gert tilraun til sjálfsvígs og 27% höfðu hugsað um sjálfsvíg (Bernburg, Thorlindsson og Sigfusdóttir, 2009). Samkvæmt bandarískri rannsókn Nock o.fl. (2013) höfðu 12,1% unglunga á aldrinum 13–18 ára hugsað um sjálfsvíg, 4% höfðu gert sjálfsvígsáætlun og 4,1% höfðu gert tilraun til sjálfsvígs. Konur gera fleiri sjálfsvígstilraunir en karlar en þeir eru líklegri til að svipta sig lífi (Hrefna Ólafsdóttir, 2009; Nock o.fl., 2013) og á það einnig við um aldurshópinn 13–18 ára (Nock o.fl., 2013).

Umfjöllun um sjálfsvígshættu er oft tengd rannsóknum á áhættuþáttum sjálfsvígshæðunar. Niðurstöður rannsókna benda til þess að einn helsti áhættuþátturinn sé fyrri sjálfsvígstilraun (Beautrais, 2000; Osman



o.fl., 1998). Aðrir mikilvægir áhættuþættir eru taldir vera veikt sjálfsmat (Bridge, Goldstein og Brent, 2006; Hjördís Rós Jónsdóttir, 2011), veik samstaða í fjölskyldu og skortur á stuðningi í jafningjahópi (King og Merchant, 2008). Ýmsar geðraskanir eru einnig taldar auka líkur á sjálfsvígshæðun. Hér er til dæmis um að ræða persónuleikaraskanir, sérstaklega jaðarpersónuleikaröskun ásamt þunglyndi, geðklofa, kvíðaröskun (Westefeld o.fl., 2000), lyndisröskunum, (Beautrais, 2000), og sjálfskaða (Taliaferro og Muehlenkamp, 2014). Áfengis- og vímuefnanotkun unglunga er einnig áhættuþáttur í sjálfsvígshæðun þeirra (Beautrais, 2000; Bridge o.fl., 2006; Wong, Zhou, Goebert og Hishinuma, 2013) og unglingar sem alast upp við vímuefnavanda foreldra eru líklegri til að sýna sjálfsvígshæðun en unglingar sem ekki alast upp við slíkar aðstæður (Beautrais, 2000). Sjálfsvígshæðun fylgir skert geta til að stjórna eigin tilfinningum, erfiðleikar með að finna jákvæðar ástæður fyrir lífinu, úrræðaleysi og örökræn viðhorf sé miðað við þá sem ekki sýna sjálfsvígshæðun (Westefeld o.fl., 2000). Vonleysi er áhrifamesti þátturinn þegar langtímalíkur á sjálfsvígum eru metnar. Enda kemur fram að unglingar með sjálfsvígshæðun skortir hjargráð þegar þeir standa frammi fyrir erfiðleikum og hafa því lakari getu til að leysa vandamál og litla trú á að þeir nái árangri (Westefeld o.fl., 2000).

Mikilvægt er að skoða áhættuþætti og verndandi þætti jöfnum höndum með það að markmiði að auka getu okkar til að greina þá unglunga sem eru í sjálfsvígshættu en Osman o.fl. (1998) og Gutierrez (2006) telja að það sé mun sterkara matskerfi sem meti bæði áhættuþætti og verndandi þætti.

Ýmsir einstaklings-, samfélags- og fjölskylduþættir hafa í rannsóknum verið skilgreindir sem verndandi gegn því að unglingar séu með sjálfsvígshæðun (Beautrais, 2000). Fjölskyldusamstaða og stuðningur jafnaldra eru tveir af þeim fimm þáttum sem mældir eru á AHL-U-matslistanum en rannsóknir hafa sýnt að þessar þættir eru sterkir í lífi unglingsins þá er sjálfsvígshættan minni (Osman o.fl., 1998). Ennfremur eru eftirfarandi þættir taldir verndandi gegn sjálfsvígshæðun ungmenna: Að njóta öruggs stuðnings frá fjölskyldunni (Borowsky, Ireland og Resnick, 2001; Walsh og Eggert, 2007), nán tengsl við foreldra (Borowsky o.fl., 2001; Taliaferro og Muehlenkamp, 2014), nán vinátta og traustur stuðningur frá vinum auk góðra tengsla við fullorðna (Taliaferro og Muehlenkamp, 2014) og að eiga í góðum samskiptum almennt (Walsh og Eggert, 2007).

AHL-U-listann þróðu Osman o.fl. (1998) út frá lista Linehan, Goodstein, Nielsen og Chiles (1983), Af hverju lífið (AHL), sem hafði verið þróaður fyrir fullorðna, byggður á hugrænni atferlisfræði (e. *cognitive and cognitive-behavioral theoretical approaches*) og þeirri hugmynd að matstækið væri sterkara ef fengnar eru upplýsingar um ástæðurnar sem liggja að baki því að vilja lifa fremur en um áhættuþættina eingöngu. AHL-listinn hafði verið notaður með góðum árangri en Osman o.fl. (1998) þótti mikilvægt að hanna sérstakan lista fyrir unglunga, AHL-U-listann, en hann tekur mið af þroska og sálfélagslegri stöðu unglunga og hentar því betur við rannsóknir á sjálfsvígshæðun þeirra (Gutierrez, Osman, Kopper og Barrios, 2000). AHL-U skiptist í fimm þætti: Afstaða til sjálfsvígs (ATS), björt framtíðarsýn (BF), sjálfsmat (SM), samþykki og stuðningur jafnaldra (SSJ) og fjölskyldusamstaða (FS). Hér eftir verður skammstöfun með hástöfum notuð í greininni. AHL-U-matslistinn var þróaður fyrir einstaklinga á aldrinum 14–18 ára (Osman o.fl., 1998). Niðurstöður Osman o.fl. (1998) voru að AHL-U matslistinn er með gott réttmæti og áreiðanleika og sömu niðurstöður fengust í rannsókn Gutierrez o.fl. (2000).

Fram kemur í rannsókn meðal framhaldsskólanema að drengir meta sjálfsmat (SM) meira en stúlkur sem ástæðu til að lifa (Osman o.fl., 1998). Þegar skoðaður var hópur unglunga sem sýndu sjálfsvígshæðun í fyrsta skipti í rannsókn Gutierrez o.fl. (2000) mátu stúlkur FS og ATS mikilvægari ástæðu til að lifa en drengir, en þegar skoðaður var hópur unglunga sem höfðu gert sjálfsvígstilraunir mátu drengir FS mikilvægari en stúlkur.

Eins og sjá má bæði á hugmyndafræðinni að baki matslistanum og þáttaskiptingu hans þá eru tengingar mjög skýrar við hugmyndafræði félagsráðgjafar sem byggist annars vegar á heildarsýn og hins vegar á sálfélagslegum styrkleika í lífi einstaklinga hvað varðar aðferðafræðilega nálgun í meðferð (Farley, Smith og Boyle, 2009). Í AHL-U-matslistanum er unglingurinn spurður hversu mikilvægar 32 ástæður eru fyrir hann í ákvörðuninni að fremja ekki sjálfsvíg. Atriðin eru valin með tilliti til þroska og sálfélagslegra aðstæðna unglingsins og falla því mjög vel að heildarsýn félagsráðgjafar. Á þessum grunni töldu höfundar mikilvægt að þýða og staðfæra AHL-U-listann með það að markmiði að skapa aukin tækifæri fyrir gagnreyndar rannsóknir innan félagsráðgjafar á sviði sjálfsvígshæðunar unglunga. Afstaða höfunda er sú að þegar unglingur hefur misst lífslöngunina er mikilvægt að skoða þá þætti



sem eru verndandi fyrir hann og AHL-U skimar fyrir verndandi þáttum í lífi einstaklingsins.

Nýnæmi rannsóknarinnar fyrir félagsráðgjöf er sú að þetta er í fyrsta sinn sem félagsráðgjafar á Íslandi þýða og kanna próffræðilega eiginleika matslista sem fellur vel að hugmyndafræði félagsráðgjafar og metur sjálfsvíshegðun unglinga.

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna próffræðilega eiginleika íslensku útgáfunnar af listanum *Af hverju lífið – unglingar* (ÍAHL-U) meðal íslenskra unglinga, meta áreiðanleika, réttmæti og þáttbyggingu ÍAHL-U miðað við upprunalegu útgáfuna RFL-A (Osman o.fl., 1998). Staðfærsla og þýðing felur í sér að texti mælitækisins er þýddur og lagður að ákveðinni menningu þannig að tölfræði- og próffræðieiginleikar haldi sér. Algengasta viðmið um hversu vel heppnast með staðfærslu og þýðingu er að þáttbygging þýðingar sé hin sama og frumútgáfu (Sigurgrímur Skúlason, 2005).

Efniviður og aðferðir

Þátttakendur í rannsókninni voru 457 grunn- og framhaldsskólanemar á aldrinum 14–18 ára, úr fimm skólum, en skólarnir voru valdir með hentugleikaúrtaki (e. *convenience sampling*) (Haslam og McGarty, 2014). Ekki er hægt að heimfæra niðurstöður úr slíkum rannsóknum beint yfir á almennt þýði (Haslam og McGarty, 2014) og því var úrtakið vandlega valið með það fyrir augum að tryggja sem best samfellu við almennt þýði á Íslandi miðað við töluleg gögn frá Hagstofu Íslands um kyn, aldur og dreifingu búsetu (Hagstofa Íslands, 2010). Þar sem þátttakendur voru ekki orðnir 18 ára þurfti samkvæmt íslenskum lögum að fá samþykki foreldra fyrir þátttöku og fengu allir foreldrar í viðkomandi skólum senda samþykkisýfirlýsingu til undirritunar.

Mælitæki

Þýðing og staðfærsla á upphaflegu ensku útgáfunni af matslistanum AHL-U (RFL-A) var gerð samkvæmt hefðbundnum aðferðum sem notaðar eru þegar um er að ræða nýtingu matstækja á milli menningarheima (Prince, 2008). AHL-U-listinn var þýddur úr ensku af Hrefnu Ólafsdóttur, öðrum höfundum þessarar greinar. Listinn var forprófaður af átta unglungum á Barna- og unglingageðdeild Landspítalans í janúar 2007. Málfar listans var síðan þróað og hann því næst bakþýddur af löggiltum skjalaþýðanda. AHL-U er sjálfsmatslisti (e. *self-report measure*) (Haslam og McGarty, 2014) sem samanstendur af 32 staðhæfingum og leggur

þátttakandinn mat á það hve mikilvægar þessar staðhæfingar eru þegar tekin er sú ákvörðun að fremja ekki sjálfsvíg. Hver staðhæfing er metin með sex punkta Likert-stíku frá 1 (alls ekki mikilvægt) til 6 (mjög mikilvægt), þar sem hærra skor á hverri staðhæfingu gefur meiri ástæðu til að lifa. Eins og áður sagði samanstendur listinn af fimm þáttum, ATS, BF, SM SSJ og FS sem hver um sig mælir afmörkuð svið en einnig eru gefin heildarskor úr listanum öllum (Osman o.fl., 1998). Listinn mælir því þá þætti sem Osman o.fl. (1998) töldu mikilvægasta áhættuþætti og um leið verndandi þætti hvað varðar sjálfsvígshegðun unglinga á aldrinum 14–18 ára. Þar tala þau um sjálfsmat, fjölskyldusamstöðu og samstöðu í hópi jafnaldra sem sýnir sig svo annaðhvort í neikvæðri eða jákvæðri afstöðu til lífsins og neikvæðri eða jákvæðri framtíðarsýn. Þátttakendur voru einnig spurðir að kyni og aldri.

Framkvæmd

Kynningarfundir voru haldnir með skólastjórnendum og kennurum hvers skóla þar sem tilhögun rannsóknarinnar var kynnt og fengu kennarar ennfremur kynningarbréf um rannsóknina. Því næst staðfestu skólafyrirvöld vilja sinn til samvinnu við rannsakendur í tengslum við gagnaöflun. Í íslenskum reglum eru gerðar kröfur um að foreldrar/forráðamenn barna undir 18 ára aldri veiti upplýst samþykki fyrir þátttöku barna sinna í rannsóknum. Kynningarbréf og eyðublað fyrir upplýstu samþykki var því sent heim til þátttakenda í hefðbundnum pósti þar sem gert var ráð fyrir undirskrift foreldris/forráðamanns og þátttakanda. Tvær ítrekanir voru sendar í gegnum Skólavefinn. Þátttakendur svöruðu listanum í kennslustund og var rannsakandi viðstaddur til að svara spurningum frá kennurum og þátttakendum. Í kynningarbréfi til foreldra var að finna upplýsingar um það hvernig nálgast mætti viðeigandi aðstoð innan heilbrigðiskerfisins ef foreldrar/forráðamenn teldu að þátttakendur hefðu upplifað vanlíðan sem rekja mætti til þátttöku þeirra í rannsókninni. Leyfi fyrir rannsókninni voru fengin frá Vísindasíðanefnd (leyfisnúmer: VSNb2010060009/03.7) og Persónuvernd var send tilkynning (nr. S4881).

Úrvinnsla

Tölfræðiforritið SPSS 21 var notað við úrvinnslu gagna. Framkvæmd var leitandi þáttgreining (e. *exploratory factor analysis*, EFA) sem fyrsta skref til þess að skoða þáttahleðslu gagnanna. Sú aðferð er algengasta aðferðin sem notuð er við frumþáttgreiningu og er talin góð til að fá grunnviðmið um þáttbyggingu



ingu gagna (Furr og Bacharach, 2014; Harrington, 2009). Samkvæmt Fabrigar, Wegener, MacCallum og Strahan (1999) á að nota leitandi þáttgreiningu (e. *explorative factor analysis*) þegar markmiðið með greiningunni er að greina undirliggjandi hugsmíðar sem liggja að baki mældum breytum. Næsta skref er síðan að staðfesta þættina sem koma út og er það meðal annars gert með staðfestandi þáttgreiningu (e. *confirmatory factor analysis*, CFA) (Harrington, 2009). Þetta seinna skref var ekki framkvæmt á þessu stigi, en oft eru bæði skrefin notuð þegar verið er að þýða og staðfæra matslista á milli menningarheima, enda talið nauðsynlegt að gera staðfestandi þáttgreiningu til þess að staðfesta að mælitæki mæli sömu sálfræðilegu eiginleikana á milli hópa í ólíkum menningarheimum (Milfont og Fischer, 2010). Í þessari rannsókn var ÍAHL-U-matslistinn þáttgreindur með aðferðinni meginásapáttgreiningu (e. *principal axis analysis*). Samkvæmt Russel (2002) er meginásapáttgreining ákjósanleg þar sem það hefur sýnt sig að sú aðferð er nákvæmari en meginþáttgreining (e. *principal components analysis*) sem er algeng aðferð þegar framkvæmd er leitandi þáttgreining.

Þegar framkvæmd er þáttgreining er mikilvægt að ákveðnar forsendur séu uppfylltar. Úrtakið má ekki vera minna en 100 einstaklingar og að minnsta kosti þurfa 5–10 einstaklingar að standa á bak við hvert atriði (Fabrigar o.fl., 1999; Russel, 2002). Á AHL-U-matslistanum eru 32 atriði og 457 þátttakendur svörðu honum. Skilyrði þáttgreiningar voru því uppfyllt þar sem 14 einstaklingar voru á bak við hvert atriði og úrtakið var nægilega stórt til að framkvæma þáttgreiningu þar sem Kaiser-Meyer-Olkin Measure of Sampling Adequacy (KMO) var yfir 0,9, en miðað er við að það sé hærra en 0,5. Jafnframt var stuðst við Bartlett próf (Bartlett's test of sphericity) til að athuga hvort gögnin uppfylltu skilyrði þáttgreiningar. Bartlett-prófið metur fylgni milli breytanna sem á að þáttgreina, en það er bæði slæmt að fylgni milli breyta sé mjög há og mjög lág (Field, Miles og Field, 2012). Þar sem Bartlett-prófið var tölfræðilega marktækt ($p=0,000$) var nægileg fylgni fyrir þáttgreiningu.

Þegar ákveðið var hversu marga þætti ætti að fá fram í leitandi þáttgreiningu var stuðst við viðmið Kaiser og skriðupróf. Samkvæmt viðmiði Keiser skal miða við að draga út þætti sem hafa eiginildi (e. *eigenvalue*) ≥ 1.0 . Skriðurit (e. *scree plot*) er myndræn framsetning

á eiginildum þátta og með því að skoða hvenær lína skriðuritsins breytir um stefnu eru dregnir út þættir sem skýra sem mest af fylgni breytanna. Ein forsenda þáttgreiningar er að það geta ekki verið færri en þrjú atriði á hverjum þætti (Fabrigar o.fl., 1999; Russel, 2002). Gerð var krafa um að þáttahleðsla væri $\geq 0,40$ þegar skoðuð var fylgni breytu við þátt. Hornréttum snúningi (e. *orthogonal rotation*) er beitt þegar allt bendir til þess að þættirnir séu án innbyrðis fylgni (Russel, 2002) og var notast við hornréttan snúning í þáttgreiningunni. Framkvæmdar voru áreiðanleika- og réttmætisathuganir. Álfstuðull (e. *cronbachs alpha*) var notaður til að kanna innri áreiðanleika (innihaldsréttmæti) og reiknaður var áreiðanleiki fyrir ÍAHL-U heildarskor og fyrir hvern og einn þátt. Áreiðanleiki sem mælist .9 er talinn vera mjög góður og .8 góður (Field, Miles og Field, 2012; Guðrún Árnadóttir, 2003).

Svör þátttakenda við spurningum sem hlóðust á hvern þátt voru lagðar saman. Þannig voru reiknaðir kvarðar fyrir hvern undirþátt sem hver um sig náði frá 1 (alls ekki mikilvægt) upp í 6 (mjög mikilvægt). Sömuleiðis var útbúinn kvarði fyrir mælitækið í heild með því að leggja öll atriði saman. T-próf óháðra hópa var notað til að meta hvort munur væri á meðaltölum kvarðanna eftir kyni, en einbreytu dreifigreining (ANOVA) var notuð til að meta hvort munur væri eftir aldri þátttakenda.

Niðurstöður

Kynjahlutföllin voru 282 (62 %) stúlkur og 172 (38%) drengir. Þátttakendur voru á aldrinum 13–17 ára og skipust þeir þannig eftir aldri að 6,6% voru 13 ára, 29,1% 14 ára, 19,5% 15 ára, 26,5% 16 ára og 17,7% 17 ára. Meðalaldur var 15 ára og algengasti aldurinn var 14 ára.

Tafla 1. Tvær þáttgreiningar: (A) leitandi þáttgreining og (B) þvinguð fimm þátta greining

	Þáttur	Eigingildi	Atriði	Sá þáttur sem er líkastur á AHL-U
A	Þáttur 1	11,518	2, 8, 20, 21, 26, 32	Afstaða til sjálfsvígs
	Þáttur 2	3,018	4, 11, 13, 15, 19, 25, 28	Björt framtíðarsýn
	Þáttur 3	2,234	3, 9, 14, 18, 29, 31	Sjálfsmat
	Þáttur 4	1,741	5, 6, 10, 16, 22, 27	Samþykki og stuðningur jafnaldra
	Þáttur 5	1,615	7, 12, 17, 23, 24, 30	Fjölskyldusamstaða
	Þáttur 6	1,153	1	Stuðningur og ráð hjá fjölskyldu
B	Þáttur 1	11,518	2, 8, 20, 21, 26, 32	Afstaða til sjálfsvígs
	Þáttur 2	3,018	4, 11, 13, 15, 19, 25, 28	Björt framtíðarsýn
	Þáttur 3	2,234	3, 9, 14, 18, 29, 31	Sjálfsmat
	Þáttur 4	1,741	5, 6, 10, 16, 22, 27	Samþykki og stuðningur jafnaldra
	Þáttur 5	1,615	1, 7, 12, 17, 23, 24, 30	Fjölskyldusamstaða

Þáttgreining

Til að kanna hvaða atriði tengdust innbyrðis var gerð leitandi þáttgreining og var ÍAHL-U-matslistinn þáttgreindur með meginásapáttgreiningu. Fjöldi þátta sem dregnir voru út með þáttgreiningu bentu upphaflega til sex þátta, en þar af var einn þátturinn einungis með eitt atriði (sjá töflu 1.A). Taflan sýnir hvaða atriði tilheyrðu hverjum þætti og eigingildi þáttanna.

Gögnin voru endurgreind og þvinguð fimm þáttgreining (e. *forced five-factor analysis*) framkvæmd (sjá töflu 1.B). Þetta var gert þar sem forsenda þáttgreiningar er að ekki geta verið færri en þrjú atriði á hverjum þætti (Fabrigar o.fl., 1999; Russel, 2002). Eftir endurgreiningu var hornréttum snúningi beitt á fimm þætti

en þeir skýrðu samtals 63% af heildardreifingunni á meðal atriðanna 32 í ÍAHL-U-listanum (sjá töflu 2). Allir þættirnir innihalda sömu atriði og í upprunalegu AHL-U-útgáfunni (Osman o.fl., 1998). Fyrsti þátturinn, AS, skýrði 36% af dreifingunni og þau sex atriði sem hlóðust á þennan þátt voru 2, 8, 20, 21, 26 og 32. Annar þátturinn, BF, skýrði 9% af dreifingunni og þau sjö atriði sem hlóðust á þennan þátt voru 4, 11, 13, 15, 19, 25 og 28. Þriðji þátturinn, SM, skýrði 7% af dreifingunni og þau sex atriði voru 3, 9, 14, 18, 29 og 31. Fjórði þátturinn, SSJ, skýrði 5% af dreifingunni og þau sex atriði voru 5, 6, 10, 16, 22 og 27. Fimmti þátturinn, FS, skýrði 5% af dreifingunni og þau sjö atriði sem hlóðust á þennan þátt voru 1, 7, 12, 17, 23, 24 og 30.

Tafla 2. Þáttahleðsla í þvingaðri fimm þátta greiningu

	Þáttur				
	1	2	3	4	5
Þáttur 1: Afstaða til sjálfsvígs (Suicide-Related Concerns)					
2 Það yrði kvalafullt og skelfilegt að fremja sjálfsvíg	0,599	0,142	0,022	0,159	0,128
8 Ég hræðist dauðann, þess vegna dytti mér ekki í hug að fyrirfara mér	0,674	0,187	0,065	0,052	0,142
20 Tilhugsunin um að fyrirfara mér skelfir mig	0,867	0,202	0,114	0,104	0,067
21 Ég hræðist allar aðferðir við að fyrirfara mér	0,826	0,212	0,135	0,11	0,141
26 Ég er hrædd(ur) við að fyrirfara mér	0,841	0,187	0,093	0,136	0,218
32 Ég er hræddur við að skipuleggja sjálfsvíg	0,807	0,177	0,07	0,094	0,167
Þáttur 2: Þjört framtíðarsýn (Future optimism)					
4 Ég hef til margs að hlakka þegar ég verð eldri	0,171	0,485	0,191	0,181	0,197
11 Mig langar til að ná markmiðum mínum og áformum í framtíðinni	0,217	0,629	0,041	0,137	0,227
13 Ég býst við að margt gott eigi eftir að henda mig í framtíðinni	0,217	0,702	0,197	0,114	0,227
15 Ég er vongóður um framtíðaráform mín og markmið	0,158	0,616	0,266	0,249	0,129
19 Ég geri ráð fyrir að mér vegni vel í framtíðinni	0,249	0,739	0,237	0,121	0,108
25 Framtíð mín virðist þjört og lofar góðu	0,201	0,612	0,229	0,155	0,32
28 Ég hef mörg framtíðaráform sem ég hlakka til að koma í framkvæmd	0,198	0,614	0,227	0,147	0,236
Þáttur 3: Sjálfsmat (Self-Acceptance)					
3 Ég tek sjálfum/sjálfri mér eins og ég er	0,069	0,132	0,532	0,204	0,15
9 Ég er ánægð(ur) með mig eins og ég er	0,045	0,21	0,759	0,109	0,144
14 Ég er sátt(ur) við sjálfa(n) mig	0,053	0,166	0,85	0,173	0,12
18 Mér finnst ég ágætis manneskja	0,189	0,448	0,449	0,216	0,163
29 Mér líður vel gagnvart sjálfri/sjálfum mér	0,13	0,242	0,741	0,151	0,156
31 Ég er ánægð(ur) með sjálfa(n) mig	0,099	0,183	0,796	0,063	0,181
Þáttur 4: Samþykki og stuðningur jafnaldra (Peer-Acceptance and Support)					
5 Þegar ég á í vanda veit ég að vinir mínir standa með mér	0,056	0,073	0,124	0,721	0,179
6 Ég finn að nánustu vinum mínum þykir vænt um mig og þeir taka mér eins og ég er	0,066	0,074	0,116	0,718	0,213
10 Vinir mínir bera umhyggju fyrir mér	0,074	0,293	0,124	0,657	0,187
16 Ég held að vinir mínir kunni að meta að vera með mér	0,126	0,399	0,173	0,566	0,121
22 Ég get treyst á hjálp vina minna ef ég á í vanda	0,211	0,099	0,143	0,626	0,17
27 Vinir mínir taka mér alveg eins og ég er	0,207	0,289	0,174	0,583	0,206
Þáttur 5: Fjölskyldusamstaða (Family Alliance)					
1 Alltaf þegar ég á í vanda get ég leitað eftir stuðningi og ráðum hjá fjölskyldu minni	0,098	0,025	0,138	0,259	0,414
7 Mér finnst ég tilfinningalega náin(n) fjölskyldu minni	0,179	0,205	0,131	0,104	0,482
12 Fjölskylda mín hefur tíma til að hlusta á mig segja frá því sem gerist í skólanum, vinnunni eða heima	0,249	0,299	0,15	0,144	0,429
17 Ég nýt þess að vera með fjölskyldu minni	0,131	0,239	0,137	0,242	0,495
23 Fjölskylda mín hvetur mig og styður oftast áform mín og markmið	0,16	0,196	0,166	0,166	0,651
24 Fjölskylda mín lætur sér annst um hvernig mér líður	0,095	0,177	0,136	0,147	0,787
30 Fjölskylda mín lætur sig miklu varða hvað verður um mig	0,145	0,239	0,115	0,211	0,593



Tafla 3. Samanburður á áreiðanleika á AHL-U á milli upprunalegu rannsóknarinnar og íslensku rannsóknarinnar.

	AHL-U-þættir						Heildarskor
	Fjöldi	ATS	BF	SM	SSJ	FS	
Osman o.fl. (1998) AHL-U	350	0,93	0,91	0,93	0,89	0,93	0,96
Rannsókn ÍAHL-U	457	0,92	0,89	0,89	0,87	0,82	0,94

ATS: Afstaða til sjálfsvígs, BF: Björt framtíðarsýn, SM: Sjálfsmat, SSJ: Samþykki og stuðningur jafnaldra, FS: Fjölskyldusamstaða

Áreiðanleiki

Alfastuðull (e. Cronbachs alpha, α) var notaður til að kanna innri áreiðanleika (innihaldsréttmæti) matslistans. Í rannsókninni var reiknaður áreiðanleiki fyrir heildarskor ÍAHL-U og fyrir hvern þátt fyrir sig. Alfastuðullinn fyrir sjálfsmatskvarðann ÍAHL-U var $\alpha = 0,94$ og fyrir þættina fimm (ATS, BF, SM, SSJ og FS) var α á bilinu 0,87–0,92 (sjá töflu 1).

Tafla 3. ber saman alfastuðulinn (e. Cronbach’s alpha, α) við niðurstöður rannsóknar Osmans o.fl. (1998). Innri samkvæmni allra þátta er góð ($\alpha > 0,8$) en áreiðanleiki yfir 0,8 þykir vera góður (Field, Miles og Field, 2012; Guðrún Árnadóttir, 2003) og eru niðurstöður þær að α er 0,94 og því í samræmi við niðurstöður Osman o.fl. (1998) þar sem α er 0,96.

Réttmæti

Til þess að skoða réttmæti var reiknuð fylgni milli þáttanna, en hugsmíðaréttmæti er gott ef tengdar hugsmíðar hafa háa fylgni sín á milli. Fylgni á milli þátta var á bilinu 0,324–0,596, (sjá töflu 4). Það var marktæk fylgni á milli allra undirkvarðanna ($p < .01$). Fylgni var hæst á milli FS og BF $r = 0,596$, en lægst á milli ATS og SM $r = 0,324$. Fylgni á milli heildarkvarða ÍAHL-U og allra þáttanna var marktæk ($p < .01$). Þátturinn BF hafði hæstu fylgni við heildarkvarða ÍAHL-U $r = 0,833$ en SM hafði lægstu fylgni við heildarkvarða ÍAHL-U $= 0,703$.

Tafla 4. Fylgni á milli heildarkvarða og þátta á ÍAHL-U

	AHL-U	BF	ATS	FS	SSJ
BF	0,833**				
ATS	0,778**	0,509**			
FS	0,774**	0,596**	0,447**		
SSJ	0,709**	0,528**	0,366**	0,532**	
SM	0,703**	0,57**	0,324**	0,479**	0,45**

BF: Björt framtíðarsýn, ATS: Afstaða til sjálfsvígs, FS: Fjölskyldusamstaða, SSJ: Samþykki og stuðningur jafnaldra, SM: Sjálfsmat.
** $p < 0,01$

Tengsl við lýðfræðilegar breytur

Munur á svörum kynjanna var metinn með t-prófi óháðra hópa, þar sem borið var saman meðaltal drengja og stúlkna fyrir heildarskor mælitækisins og undirkvarða þess. Það leiddi í ljós að ekki var marktækur munur á meðaltali heildarskorar ÍAHL-U-matslistans eftir kynjum. Meðalheildarskor stúlkna (166,5/sf.21,3) var hærri en fyrir drengi (162,5/sf.20,8) en ekki marktæk.

Þegar undirkvarðarnir voru greindir eftir kyni kom í ljós tölfræðilega marktækur munur á milli stúlkna og drengja á háðu breytunni FS, stúlkur (38,0/sf.4,4), drengir (36,2/sf. 5,0) og því marktækt við $p < 0,001$ og einnig á háðu breytunni SSJ, stúlkur (32,4/sf.4,0) og drengir (30,1/sf.4,4) við $p < 0,001$. Þetta þýðir að stúlkum finnst fjölskyldusamstaða og samþykki og stuðningur jafnaldra mikilvægari hluti af þeirri ákvörðun að fremja ekki sjálfsvíg en drengjum.

Meðaltöl og staðalfrávik fyrir stúlkur, drengi og heildarskor sést í töflu 5.

Tafla 5. Meðaltal og staðalfrávik fyrir stúlkur, drengi miðað við þætti og heildarskor

	Meðaltal	Staðalfrávik	Meðaltal	Staðalfrávik	Meðaltal	Staðalfrávik
ATS	28.8	8.5	28.2	8.1	28.6	8.4
BF	36.8	5.5	36.5	5.2	36.7	5.4
SM	30.2	5.4	31.1	4.4	30.6	5.0
SSJ***	32.4	4.0	30.1	4.4	31.5	4.3
FS***	38.0	4.4	36.2	5.0	37.3	4.7
Heildarskor	166.5	21.3	162.5	20.8	165.0	21.3

Meðaltalsmunur var metinn með t-prófi óháðra úrtaka: *** $p < 0,001$; ** $p < 0,01$; * $p < 0,05$



Skóðað var hvort marktækur munur væri á aldri þátttakenda og því framkvæmd einbreytudreifing (ANOVAs) sem sýndi að það er ekki marktækur munur á heildarskor eftir aldri $F(4,431) = 2,395$.

Umræða

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna próffræðilega eiginleika matslistans *Af hverju lífið – unglingar* (AHL-U) í íslenski þýðingu, ÍAHL-U. Lokaniðurstaða þáttgreiningar var sú að öll atriðin röðuðust á sömu þætti og í upprunalegu bandarísku útgáfunni (Osman o.fl., 1998). ÍAHL-U-matslistinn sýnir því gott innra samræmi sem lýsir sér í því að allir þættirnir voru með α yfir .8 sem þykir framúrskarandi gott (Field, Miles og Field, 2012; Guðrún Árnadóttir, 2003) og er sambærilegt þeim niðurstöðum sem Osman o.fl. (1998) fengu í sinni rannsókn.

Að skoða áreiðanleika og réttmæti matslistans er hluti af því að kanna próffræðilega eiginleika listans. Þegar réttmætisgreining er skoðuð er fylgnin á milli heildarskorar ÍAHL-U og allra þáttanna hærri en fylgnin á milli þátta og eru það svipaðar niðurstöður og hjá Osman o.fl. (1998). Niðurstöðurnar fyrir ÍAHL-U meðal íslenskra unglunga eru á þá leið að áreiðanleiki og réttmæti eru svipuð og gögn Osman o.fl. (1998) sýna. Niðurstöður á próffræðilegum eiginleikum ÍAHL-U á Íslandi eru góðar og í samræmi við fyrri rannsóknir á sjálfsmatslistanum. Má því álykta að íslenska útgáfa matslistans virki vel.

Skóðað var hvort munur væri á lýðfræðilegum breytum og kom í ljós að ekki var marktækur munur á heildarskor ÍAHL-U-matslistans eftir kyni. Þegar undirþættir matslistans voru greindir eftir kyni kom í ljós að tölfraðilega marktækur munur var á milli stúlkna og drengja á þáttunum FS og SSJ. Stúlkur telja að fjölskyldusamstaða og samþykki og stuðningur frá jafnöldrum skipti meira máli í þeirri ákvörðun að fremja ekki sjálfsvíg en drengir. Í upprunalegu bandarísku rannsókninni (Osman o.fl., 1998) skorðu drengir mun hærra en stúlkur á SM og þar skipti hærra sjálfsmat drengi meira máli en stúlkur hvað varðar þá ákvörðun að fremja ekki sjálfsvíg. Í okkar rannsókn skorðu drengir einnig hærra á SM-þættinum en stúlkur en munurinn var ekki marktækur. Í Kóreu og Íran var enginn marktækur munur á milli kynja á þáttum né á heildarskor AHL-U (Koolae, Mahmmodi og Davaji, 2008; Lee, 2011). Helstu skýringar á þessum mun á milli landa mætti kannski rekja til ólíkrar menningar með tilliti til kynjahlutverka.

Á Íslandi er ekki til staðfært matstæki þar sem sjálfs-

vígshætta unglunga er metin út frá hugrænum jákvæðum þáttum. Í nokkrum rannsóknum hefur verið sýnt fram á mikilvægi þess að meta hugræna þætti sem vernda gegn hættu á sjálfsvígi (Connell, 1991; Gutierrez o.fl., 2000; Osman, 1998). Vissar aðferðafræðilegar takmarkanir eru á þessari rannsókn, einkum þó sú að úrtakið er ekki dregið úr almennu þýði unglunga á Íslandi og að ekki voru lagðir fyrir fleiri sjálfsmatslistar en ÍAHL-U til að meta til dæmis algenga áhættuþætti eins og þunglyndi og kvíða sem hefði stutt betur við gögnin.

Niðurstöður á próffræðilegum eiginleikum AHL-U á Íslandi eru góðar og í samræmi við fyrri rannsóknir á sjálfsmatslistanum. Má því álykta að íslensk útgáfa matslistans virki vel. Það er von höfunda að hægt verði að nýta ÍAHL-U-matslistann til að meta hættu á sjálfsvígi meðal unglunga, í rannsóknum á sjálfsvígshegðun þeirra og á virkni meðferðarúrræða fyrir þennan hóp. Til þess að listinn verði marktækari til þeirra verka þarf að gera staðfestandi þáttgreiningu og birta þær niðurstöður, og stefna höfundar að því að gera það.

Þakkir

Vísindanefnd Félagsráðgjafafélags Íslands fær þakkir fyrir styrk til rannsóknarinnar.

Heimildir

Beautrais, A.L. (2000). Risk factors for suicide and attempted suicide among young people. *Australian and New Zealand Journal of Psychiatry*, 34, 420–436.

Bernburg, J.G., Thorlindsson, T. og Sigfusdóttir, I.D. (2009). The spreading of suicidal behavior: The contextual effect of community household poverty on adolescent suicidal behavior and mediating role of suicide suggestion. *Social Science & Medicine*, 68, 380–389.

Borowsky, I.W., Ireland, M. og Resnick, M.D. (2001). Adolescent suicide attempts: Risks and protectors. *Pediatrics*, 107, 485–493.

Bridge, J.A., Goldstein, T.R. og Brent, D.A. (2006). Adolescent suicide and suicidal behavior. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 47, 372–394.

Connell, D.K. og Meyer, R.G. (1991). The reasons for living inventory and a college population: Adolescent suicidal behaviors, beliefs, and coping skills. *Journal of Clinical Psychology*, 47, 485–489.

Fabrigar, L.R., Wegener, D.T., MacCallum, R.C. og Strahan, E.J. (1999). Evaluating the use of exploratory factor analysis in psychological research. *Psychological Methods*, 4, 272–299.

Farley, O.W., Smith, L.L. og Boyle, S.W. (2009). *Introduction to social work*. Boston: Pearsons, Allyn & Bacon.

Furr, R.M. og Bacharach, V.R. (2014). *Psychometrics: An introduction* (2. útg.). Los Angeles: Sage.



- Guðrún Árnadóttir. (2003). Þróun mælitækja: Stöðlun, réttmæti og áreiðanleiki. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknunum í heilbrigðisvísindum* (bls. 411–444). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Gutierrez, P.M. (2006). Integratively assessing risk and protective factors for adolescent suicide. *Suicide & Life-Threatening Behavior*, 36(2), 129–135.
- Gutierrez, P.M., Osman, A., Kopper, B.A. og Barrios, F.X. (2000). Why young people do not kill themselves: The reasons for living inventory for adolescents. *Journal of Clinical Child Psychology*, 29, 177–187.
- Hagstofa Íslands (2010). Ísland í tölum 2009–2010: Byggt á Landshagir – Árbók Hagstofunnar. Sótt 10. maí 2010 á <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=10652>
- Haslam, S.A. og McGarty, C. (2014). *Research methods and statistics in psychology* (2. útg.). Los Angeles: Sage.
- Hjördís Rós Jónsdóttir. (2010). *Sjálfsmynd unglinga og tengsl hennar við sjálfsvígshæðun þeirra*. Óbirt meistaranitgerð, Háskóli Íslands.
- Hrefna Ólafsdóttir. (2009). Lífið kallar: Fjölpátta og fjölfaglegt meðferðarverkefni fyrir unglinga í sjálfsvígshættu og fjölskyldur þeirra. Í Halldór Sig. Guðmundsson og Silja Bára Ómarsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum X: Félagsráðgjafardeild og stjórnámafræðideild* (bls. 81–94). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Koolae, A.K., Mahmmodi, O. og Davaji, R.O. (2008). Standardization of reasons for living inventory for adolescents: Diagnosis, appraisal, therapy and rehabilitation of people who attempt to suicide. *Iranian Rehabilitation Journal*, 6(7–8), 47–58.
- King, C.A. og Merchant, C.R. (2008). Social and interpersonal factors relating to adolescent suicidality: A review of literature. *Archives of Suicide Research*, 12, 181–196.
- Lee, S. (2011). Reasons for living and their moderating effects on Korean adolescent suicidal ideation. *Death Studies*, 35, 711–728.
- Lilja Sigrún Jónsdóttir og Svanhildur Þorsteinsdóttir. (2014). Sjálfsvíg og vísitandi sjálfsskaði. *Talnbrunnur, fréttabréf landlæknis um heilbrigðisupplýsingar* 8(7). Sótt 1. október 2014 á http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item24630/Talnabrunnur_Agust_2014.pdf
- Linehan, M.M., Goodstein, J.L., Nielsen, S.L. og Chiles, J.A. (1983). Reasons for staying alive when you are thinking of killing yourself: The reasons for living inventory. *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, 51, 276–286.
- Milfont, T.L. og Fischet, R. (2010). Testing measurement invariance across groups: Application in cross-cultural research. *International Journal of Psychological Research*, 3(1), 111–121.
- Nock, M.K., Green, J.G., Hwang, I., McLaughlin, K.A., Sampson, N.A., Zaslavsky, A.M. o.fl. (2013). Prevalence, correlates, and treatment of lifetime suicidal behaviour among adolescents. *Jama Psychiatry*, 70, 300–310.
- Osman, A., Downs, W.R., Kopper, B.A., Barrios, F.X., Baker, M.T., Osman, J.R. o.fl. (1998). The reasons for living inventory for adolescents (RFL-A): Development and psychometric properties. *Journal of Clinical Psychology*, 54, 1063–1078.
- Prince, M. (2008). Measurement validity in cross-cultural comparative research. *Epidemiologia e Psichiatria Sociale*, 17, 211–220.
- Russel, D.W. (2002). In search of underlying dimensions: The use (and abuse) of factor analysis in Personality and Social Psychology Bulletin. *Personality and Social Psychological Bulletin*, 28(12), 1629–1646.
- Sigurgrímur Skúlason. (2005). Hvernig mæla á hugsmíðar með erlendum mælitækjum: Þýðing og staðfærsla á spurningalistum og prófum. *Tímarit um menntarannsóknir*, 2, 69–81.
- Taliaferro, L.A. og Muehlenkamp, J.J. (2014). Risk and protective factors that distinguish adolescents who attempt suicide from those who only consider suicide in the past year. *Suicide and Life: Threatening Behavior* 44(1), 6–22.
- Walsh, E. og Eggert, L.L. (2007). Suicide risk and protective factors among youth experiencing school difficulties. *International Journal of Mental Health Nursing*, 16, 349–359.
- Westefeld, J.S., Range, L.M., Rogers, J.R., Maples, M.R., Bromley, J.L. og Alcon, J. (2000). Suicide: An overview. *The Counseling Psychologist*, 28, 445–510.
- Wong, S.S., Zhou, B., Goebert, D. og Hishinuma, E.S. (2013). The risk of adolescent suicide across patterns of drug use: A nationally representative study of high school students in the United States from 1999 to 2009. *Social Psychiatry and Psychiatric Epidemiology*, 48, 1611–1620.